

Drög að siðareglum Ungmennaráðs 2018:

1. Markmið þessara siðareglna er að skýra vinnureglur, hegðun og framkomu ungmennaráðsfulltrúa innan og utan ráðsins.
2. Ungmennaráðsfulltrúar skulu fylgja almennum lögum og reglum ásamt sinni sannfæringu í hvívetna. Passa skal upp á að vera málefnaleg í umræðum og hlusta á sjónarmið og skoðanir annarra.
3. Virða skal vægi ungmennaráðsins. Láta vita af forföllum í tíma. Ef ungmennaráðsfulltrúi ítrekað missir af ungmennaráðsfundum missir hann sæti sitt í ráðinu. Umsjónarmaður ráðsins ber ábyrgð á að fylgjast með þátttöku og mætingu ungmennaráðsfulltrúa.
4. Á fundi skulu fulltrúar fylgja almennum fundarsköpum ásamt að virða skoðun annarra og leyfa þeim að koma skoðunum á framfæri. Á meðan á fundi stendur skal athygli ungmennaráðsfulltrúa vera á málefnum fundarins og er krafa að allir mæti undirbúnir til hans. Ungmennaráðsfulltrúar eiga þá kröfu að fundurinn sé undirbúinn af umsjónarmanni tímanlega.
5. Ungmennaráðsfulltrúar skulu virða trúnað og vanda alla meðferð á upplýsingum sem koma fram á fundum og á spjallsvæði ráðsins. Trúnaður helst eftir að fulltrúi yfirgefur ráðið.
6. Ungmennaráðsfulltrúar sinna verkefnum á milli funda og taka þátt í umræðum á spjallsvæði ráðsins. Ef af einhverjum ástæðum ungmennaráðsfulltrúi getur ekki klárað sitt verkefni skal hann láta vita af því við fyrsta tækifæri.
7. Þegar fulltrúi kemur fram fyrir hönd ráðsins skal hann vanda framkomu og fylgja öllum lögum og reglum.
8. Þessar siðareglur skulu vera aðgengilegar á síðu ungmennaráðs sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.